

82. fundur

7. júní 2018

1001008SA BÓH  
Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

82. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn fimmtudaginn 7. júní 2018 í Borgartúni 21 og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir og Hjördís Albertsdóttir frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga Atli Atlason, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Eingreiðsla til kennara í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningi dags 25. maí 2018.**

**Niðurstaða:**

Félagsmenn FG sem voru í fæðingarorlofi í maí 2018 skulu njóta eingreiðslu sbr. grein 1.1.4. í kjarasamningi KÍ v/FG og SNS.

Félagismaður FG sem er í launalausum leyfi í maí 2018 í framhaldi af fæðingarorlofi fær eingreiðslu hlutfallslega m.v. þann tíma sem viðkomandi var í fæðingarorlofi á tímabilinu 1. desember 2017 til 31. maí 2018.

**2. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30